

**Kjarasamningur
milli
Samtaka atvinnulífsins vegna Klafa ehf. annars vegar
og
Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Vesturlands hins vegar.**

1. gr.

Samningstími

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. janúar 2017 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Launaákvæði

Frá gildistöku samnings þessa, þann 1. janúar 2014, verða grunnlaun kr. 219.828.

Hækkun grunnlauna tekur mið af tilfærslu bónusgreiðslna inn í grunntaxta.

Hinn 1. janúar 2015 og 1. janúar 2016 hækka laun sem hér segir:

Grunnlaun taki þeirri almennu hlutfallshækkun launa sem samið verður um vegna árána 2016 og 2017 í aðalkjarasamningum SA og þeirra félaga sem aðild eiga að samningi þessum. Miðað verður við meðaltal hækkana þessara samninga, vegið m.v. fjölda starfsmanna Klafa í hvoru félagi í desember árið á undan. Uppgjör á grundvelli samninganna skal fara fram næstu mánaðamót eftir að samningar félaganna hafa verið samþykktir.

3. gr.

Með samningi þessum er hluti bónusgreiðslna í bónuskerfi Klafa felldur inn í grunnlaun enda eru samningsaðilar sammála um að það eigi ekki að hafa áhrif á þann árangur sem hann hefur skilað. Þess í stað er vægi tjónabáttar og öryggisþáttar aukið með það að markmiði að hvetja starfsmenn til að ná enn betri árangri.

Grein 3.14.1 hljóði svo:

Öryggis-, umgengnis-, gæða- og tjónabónus

3.14.1 Markmiðið með bónuskerfi hjá Klafa ehf. er að stuðla að auknu öryggi starfsmanna, bættri umgengni um vinnusvæði, vélar og tæki fyrirtækisins, tryggja að meðhöndlun hráefna og framleiðsluvara viðskiptavina fyrirtækisins sé skv. ströngustu gæðakröfum hverju sinni og skilvirkni í rekstri.

Bónuskerfið er byggt upp með eftirfarandi hætti:

Umgengnisþáttur.

Þessi þáttur er á bilinu 0-0,5%. Dregin eru 0,25% frá vegna hvernar athugasemdar, sbr. gátlista (Fylgiskjal nr. 7). Ein úttekt er gerð í hverjum mánuði, fyrirvaralaust og er framkvæmd af einum fulltrúa frá félaginu og einum fulltrúa frá starfsmönnum.

Tjónaþáttur.

Þessi þáttur er á bilinu 0-8%. Dregin eru 2,66% frá vegna hvernar athugasemdar, sbr. gátlista (Fylgiskjal nr. 7). Ein úttekt er gerð í hverjum mánuði, fyrirvaralaust og er framkvæmd af einum fulltrúa frá félaginu og einum fulltrúa frá starfsmönnum. Starfsmenn tilkynni um öll tjón sem verða til framkvæmdastjóra og sér hann um að halda yfir þau skráningu fyrir hvern mánuð fyrir sig.

Öryggisþáttur.

Þessi þáttur er á bilinu 0-2,5% og stendur saman af sex undirþáttum. Frávik vegna öryggisbúnaðar, persónuhlífa og hraðaaksturs valda 0,5% frádrætti, H1 slys 0,5%, H2 slys 1,0% og H3 slys 2,5%. (Sjá fylgiskjal nr. 7). Ein úttekt er gerð í hverjum mánuði, fyrirvaralaust og er framkvæmd af einum fulltrúa frá félaginu og einum fulltrúa frá starfsmönnum. Komi í ljós að starfsmaður sé ekki búinn tilskildum öryggisbúnaði, telst það sem athugasemd í þeim mánuði sem atburðurinn á sér stað. (Sjá 14 öryggisreglur dags. 15.09.2003). Sama gildir ef starfsmaður verður uppvís að hraða- eða glannaakstri á vélum eða bifreiðum fyrirtækisins.

Gæðaþáttur.

Þessi þáttur er á bilinu 0-1%. Dregið er 1,0% frá vegna hvers fráviks, enda berast skýrslur vegna þeirra með skriflegum hætti frá þólanda. (Sjá fylgiskjal nr. 7). Hér er m.a. átt við frávik við meðhöndlun á hráefnum og framleiðsluvörum viðskiptavina.

Hámarksbónus og úttektir.

Samtala allra bónusþáttanna getur hæst orðið 12,0%.

Við allar úttektir skal stuðst við gátlista, sbr. fylgiskjal nr. 7. Myndir eru teknar af þeim svæðum þar sem athugasemdir verða til og við þær verður stuðst ef ágreiningur er um ástand vinnusvæða.

Framangreindar breytingar á bónusákvæðum taka gildi 1.5.2014.

(gátlisti á fylgiskjali 7 fylgir uppfærður m.t.t. ofangreindra breytinga)

4. gr.

Orlofs- og desemberuppbót verður sem hér segir:

Á árinu 2014: kr. 160.436

Á árinu 2015: kr. 170.062.

Árin 2015 og 2016 taka uppbætur einnig þeirri hækkun sem verður á grunnlaunum þau árin.

Reykjavík, 29. apríl 2014

F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga

F.h. Samtaka atvinnulífsins

vegna Klafa ehf.

Vilhjalmur Birgisson
Hafsteinn Þórsson

Ragnar Þórsson
SG.

Bónus í _____ 20_____

Fylgiskjal 7

12,00 %

Gátlisti við úttekt og ákvörðun bónus%.

Dags: _____._____._____

Starfsm: SG

Starfsm: _____

Fyllt út jafnóðum og á meðan á úttekt stendur: (0-0,50%)		Aths:	
Umgengnismál:	Fjöldi:	0 X 0,25 =	0 %
1 Kaffistofa			
2 Bílar (Þrif, umgengni)			
3 Vélar (Þrif, smurning, umgengni)			
Fyllt út jafnóðum og á meðan á úttekt stendur: (0-8%)		Aths:	
Tjón á vélum og tækjum:	Fjöldi:	0 X 2,67 =	0 %
1 Tjón á vélum Klafa			
2 Tjón á bifreiðum Klafa			
3 Önnur tjón vegna vinnu			
Fyllt út jafnóðum og á meðan á úttekt stendur: (0-2,5%)		Aths:	
Öryggismál:	Fjöldi:	0 X 0,5 =	0 %
1 Öryggisbúnaður			
2 Persónuhlífar			
3 Hraðaakstur			
Slys og fjarvera:	Fjöldi:	0 X 0,5/1,0/2,5 =	0 %
4 H1-slys. Læknismeðhöndlun			
5 H2-slys, fjarvera frá vinnu < 5 d.			
6 H3-slys, fjarvera frá vinnu 5+ d.			
Fyllt út jafnóðum og á meðan á úttekt stendur: (0-1%)		Aths:	
Gæðamál:	Fjöldi:	0 X 1,0 =	0 %
1 Hráefni og útflutningsvara			

Fulltrúi fyrirtækis _____

Fulltrúi starfsmanna _____

